

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Gegnishólaparts, Gaulverjabæjarhreppi.

Hreppsnefnd Gaulverjabæjarhrepps hefur þann 5. mars 1998 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Gegnishólaparti. Skipulagið var auglýst og lá frammi til sýnis frá 16. október til 13. nóvember 1998. Engar athugasemdir bárust og hefur deiliskipulagið þegar öðlast gildi.

Gaulverjabæjarhreppi, 29. janúar 1999.

F. h. hreppsnefndar,
Geir Ágústsson oddviti.

16. febrúar 1999

Nr. 119

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 640 12. september 1983 um viðvörunarmerki almannavarna.

1. gr.

Á eftir 7. gr. bætist við ákvæði til bráðabirgða er orðist svo: Heimilt er Almannavörnum ríkisins að fresta um eins árs skeið að prófa viðvörunarbúnaðinn, frá 1. mars 1999 að telja til 1. mars 2000. Tilkynna skal almenningi, á stöðum þar sem viðvörunarbúnaður er fyrir hendi, að prófanir falli niður á ofangreindu tímabili.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Hjalti Zóphóníasson.

15. febrúar 1999

Nr. 120

AUGLÝSING

um deiliskipulag með Þjóðbraut frá Innnesvegi að svonefndri Skógargötu, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 9. febrúar 1999 var samþykkt án breytinga deiliskipulag með Þjóðbraut frá Innnesvegi að svonefndri Skógargötu á Akranesi, eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Lóðum við Þjóðbraut austanverða milli Innnesvegjar og Skógarhverfis er breytt á þann veg að í stað lóða fyrir opinbera þjónustu og iðnað er neðri hluti svæðisins nú skilgreindur sem þjónustustofnanasvæði/verslunar- og þjónustusvæði, en innri hluti svæðisins sem athafnasvæði/verslunar- og þjónustusvæði.